

Skagaströnd, 21. nóvember 2012.

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
105 Reykjavík

**Efni: Umsögn um frumvarp til sviðslistarlaga. Þingskjal 202 – 199. mál.**

Menningarráð Norðurlands vestra gerir eftirfarandi athugasemdir við frumvarp til sviðslistarlaga, þingskjal 202 – 199. mál.

Lögð er áhersla á að starfsemi áhugaleikfélaga og Bandalags íslenskra leikfélaga og stuðnings ríkisvaldsins við þá starfsemi sé getið í lögnum. Það er breyting frá því sem verið hefur, ef ekki verður minnst á starfsemi áhugaleikfélaga í lögum. Mikilvægt er að áfram sé gert ráð fyrir áhugaleikfélögum í íslensku lagaumhverfi og einnig að starfsemi Bandalags íslenskra leikfélaga, sem heldur út góðri þjónustu við áhugaleikfélögin, sé tryggð með lögum. Starfsemi áhugaleikfélaga og atvinnumennska er víða á landsbyggðinni mjög samvinnuð og í starfsemi áhugafélaga liggja mikilvæg tækifæri fyrir verðandi atvinnumenn í sviðslistum.

**Menningarráð Norðurlands vestra leggur því til eftirfarandi viðbætur við 18. gr. laganna:**

Ráðherra er heimilt á grundvelli tillögu frá sviðslistaráði, með fyrirvara um fjárveitingar á fjárlögum á samningstímanum, að gera tímabundinn samning fyrir hönd ríkissjóðs til stuðnings starfsemi atvinnusviðslistahópa og sviðslistahópa. **Sérstök áhersla skal lögð á slíka atvinnustarfsemi á landsbyggðinni.** Í slíkum samningi við lögaðila skal gerður fyrirvari um stuðning hlutaðeigandi sveitarfélags eða sveitarfélaga. **Alþingi veitir jafnframt árlega fé til starfsemi áhugaleikfélaga og Bandalags íslenskra leikfélaga.**

Í þriðja kafla athugasemda við frumvarpið segir:

„Þar sem frumvarp þetta fjallar um starfsemi atvinnufólks er ekki lengur að finna ákvæði um stuðning við starfsemi áhugaleikfélaga. Að mati ráðuneytisins er eðlilegt að stuðningur við áhugastarfsemi á sviði hinna ýmsu listgreina falli innan ramma menningarsamninga ríkisins við samtök sveitarfélaga eða með sérstöku framlagi á fjárlögum.“

Bent er á að ef niðurstaðan verður sú að stuðningur við áhugaleikhúsið verði færður undir menningarsamninga ríkisins við samtök sveitarfélaga þá **verður að koma til sérstök viðbótarfjárveiting** vegna þeirrar breytingar. Jafnframt er bent á að eftir sem áður þarf sérstakt framlag á fjárlögum til að tryggja starfsemi Bandalags íslenskra leikfélaga og viðhalda þeirri mikilvægu þjónustu sem það hefur haldið úti fyrir áhugaleikfélög um land allt.

Fyrir hönd Menningarráðs Norðurlands vestra

Ingibergur Guðmundsson menningarfulltrúi